

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Helga Hrafní Gunnarssyni um vímu- og fíkniefnabrot á þjóðhátíð í Eyjum, Sónar og Secret Solstice.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var fjöldi vímu- og fíkniefnabrota árið 2014 á þjóðhátíð í Eyjum, Sónar og Secret Solstice og:*

- a. hversu mikið magn vímu- og fíkniefna var gert upptækt,
- b. hversu margir greiddu sektir,
- c. hversu oft leiddi brot til skráningar í sakaskrá,
- d. hversu mörg mál burfti að fella niður?

*Svar óskast sundurliðað eftir hátiðum og einnig eftir neyslubrotum og sölubrotum, þ.e. hvort ætla mátti að vímu- og fíkniefnin væru til einkaneyslu eða til sölu.*

Í tilefni af fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá embætti ríkislöggreglустjóra. Umbeðnar upplýsingar bárust ráðuneytinu 1. júlí 2015.

Í tilefni af þeim lið fyrirspurnarinnar, er lýtur að skráningu í sakaskrá, tekur ríkislöggreglустjóri fram að ríkissaksóknari heldur tölvufærða sakaskrá fyrir allt landið, sbr. reglur ríkissaksóknara um sakaskrá ríkisins (nr. 680/2009). Lögreglan getur hins vegar áætlað hve margir, sem áttu hlut að brotum á umræddum hátiðum, hafi verið skráðir í sakaskrá þar sem þeir sem greiddu eða samþykktu sektargerð vegna ávana- og fíkniefnabrota á hátiðunum eru skráðir í sakaskrá.

Umbeðnar upplýsingar flokkast á eftirfarandi hátt eftir hátiðum:

### Sónar 2014.

Sónarhátíðin var haldin í Hörpu dagana 13.–15. febrúar 2014. Alls var 31 brot skráð í málaskrárkerfi löggreglunnar vegna hátiðarinnar (að meðaltali 10 á dag).

Tafla 1. Fjöldi fíkniefnabrota á Sónarhátíðinni 2014.

Fjöldi brota	
Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna	31

Alls voru 30 einstaklingar skráðir sem „grunaður/kærður“ í málaskrárkerfi löggreglunnar vegna þessara brota en í einu tilviki fundust fíkniefni á víðavangi og ekki vitað hver var eigandi þeirra.

Þegar litið er til ferla brotanna má sjá að flest brotin fengu ferilinn „sektarmeðferð“, þar sem sekt var greidd eða sektargerð samþykkt og því 21 sem fór á sakaskrá vegna brotsins.

*Tafla 2.* Ferill fíkniefnabrota, Sónarhátiðin 2014.

	<b>Fjöldi</b>
Ákærumeðferð	3
Rannsókn hætt	7
Sekt greidd/sektargerð samþykkt	21
<b>Samtals</b>	<b>31</b>

*Tafla 3.* Magn fíkniefna sem löggregla lagði hald á, Sónar 2014.

	<b>Sónarhátiðin 2014</b>
Marijúana (g)	3
Tóbaksblandað (g)	4
LSD (stk.)	2
Amfetamín (g)	15
Ecstasy (g)	1
Ecstasy (stk.)	6
Kókaín (g)	2

**Secret Solstice 2014.**

Secret Solstice var haldin í Laugardal dagana 20.–22. júní 2014. Alls voru skráð 39 fíkniefnabrot í málaskrárkerfi löggreglunnar vegna hátíðarinnar (að meðaltali 13 á dag).

*Tafla 4.* Fjöldi fíkniefnabrota á Secret Solstice-hátiðinni 2014.

	<b>Fjöldi brota</b>
Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna	37
Sala og dreifing fíkniefna	2
<b>Alls</b>	<b>39</b>

Alls voru 39 einstaklingar skráðir sem „grunaður/kærður“ í málaskrárkerfi löggreglunnar vegna þessara brota. Flest brotin, eða 31, fóru í ferilinn „sektarmeðferð“, þ.e. þar sem sekt var greidd eða sektargerð samþykkt og því 31 sem fór á sakaskrá vegna brotsins.

*Tafla 5.* Ferill fíkniefnabrota, Secret Solstice-hátiðin 2014.

	<b>Fjöldi</b>
<b>Sala og dreifing fíkniefna</b>	
Sekt greidd/sektargerð samþykkt	2
<b>Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna</b>	
Ákærumeðferð	6
Sekt greidd/sektargerð samþykkt	29
Rannsókn hætt	2
<b>Samtals</b>	<b>39</b>

*Tafla 6.* Magn fíkniefna sem lögregla lagði hald á, Secret Solstice 2014.

Secret Solstice 2014	
Marijúana (g)	11
Tóbaksblandað (g)	8
Amfetamín (g)	8
Ecstasy (g)	3
Ecstasy (stk.)	38
Kókaín (g)	11

**Þjóðhátið í Vestmannaeyjum 2014.**

Þjóðhátið í Vestmannaeyjum var haldin dagana 31. júlí til 4. ágúst árið 2014. Alls var 51 fíkniefnabrot skráð í málaskrárkerfi löggreglunnar vegna hátíðarinnar (að meðaltali 10 á dag).

*Tafla 7.* Fjöldi fíkniefnabrota á Þjóðhátið í Vestmannaeyjum 2014.

Fjöldi brota
Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna

51

Alls voru 38 einstaklingar skráðir vegna þessara brota, en í 10 brotum fundust efni á víðavangi og því enginn skráður fyrir brotinu. Þrír einstaklingar voru teknir fyrir tvö fíkniefnabrot yfir hátíðina. Flest brotin, eða 33, fóru í ferilinn „sektarmeðferð“. Þegar litið er til fjölda einstaklinga voru 30 einstaklingar sem fengu a.m.k. eitt brot sem fór í ferilinn „sektarmeðferð“ og því 30 sem fóru á sakaskrá vegna brotsins.

*Tafla 8.* Ferill fíkniefnabrota, Þjóðhátið í Vestmannaeyjum 2014.

Fjöldi
Ákærumeðferð
6
Sekt greidd/sektargerð samþykkt
33
Rannsókn hætt
11
Til afgreiðslu
1
Alls
51

*Tafla 9.* Magn fíkniefna sem lögregla lagði hald á, Þjóðhátið í Vestmannaeyjum 2014.

Þjóðhátið í Vestmannaeyjum
Marijúana (g)
23
Tóbaksblandað (g)
5
Amfetamín (g)
26
Ecstasy (g)
1
Ecstasy (stk.)
2
Kókaín (g)
13